



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Ákvörðun nr. 17/2013 um breytingar á viðmiðunartilboði
Símans um samtengingu talsímaneta (RIO)**

(markaður 1)

30. júlí 2013

1. Inngangur

1.1 Ákvörðun PFS nr. 30/2008

Með ákvörðun PFS nr. 30/2008, dags. 5. desember 2008, útnefndi PFS Símann sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á smásöluörkuðum fyrir aðgang að fasta almenna talsímanetinu fyrir heimili og fyrirtæki. Umræddur markaður samsvarar örkuðum 1-2 í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá árinu 2004 (nú markaður 1 í tilmælunum frá 2008). Með ákvörðun PFS nr. 8/2013, dags. 18. júní 2013, staðfesti PFS útnefningu Símans og viðhélt álögðum kvöðum frá 2008.

Í ofangreindum ákvörðunum var lögð kvöð á Símann um gagnsæi og birtingu viðmiðunartilboðs. Í viðmiðunartilboðinu skyldu koma fram nánar tilgreindir skilmálar og skilyrði fyrir afhendingu og notkun, ásamt verðskrá. Ef viðmiðunartilboð Símans væri ekki talið fullnægjandi fyrir markaðinn gæti PFS mælt fyrir um breytingar á því. Þau ákvæði sem fram þyrftu að koma mættu vera innifaldar í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta (RIO).

1.2 Gildandi viðmiðunartilboð Símans um samtengingu talsímaneta (RIO)

Núgildandi viðmiðunartilboði Símans er frá 1. ágúst 2011 og er merkt sem útgáfa 3.6. Þeir viðaukar viðmiðunartilboðsins sem hér um ræðir eru viðauki 1a (Verðskrá) sem er frá 1. mars 2012, sbr. útgáfa 3.6 B, og viðauki 3a (Þjónusta samnings) sem er frá 1. september 2011, sbr. útgáfa 3.6 A. Þær breytingar sem PFS hyggst hér með samþykkja verða útgáfa 3.6 C.

1.3 Beiðni Símans um uppfærslu á viðmiðunartilboði

Með bréfi, dags. 31. janúar 2013, fór Símann þess á leit við PFS að stofnunin heimilaði tiltekna breytingar á viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta (RIO).

Fram kom að heildsala Símans hefði boðið Fast forval einn reikning (FFER) frá og með haustinu 2010. Ljóst væri að fjarskiptafélög á talsímamarkaði hefðu ekki sýnt þjónustunni mikinn áhuga og um síðustu áramót hefðu einungis 275 númer verið tengd þjónustunni, þar af 25 undir- og aukánúmer. Hingað til hefði Símann fyrst og fremst tengt stök POTS og ISDN númer fyrir önnur fjarskiptafélög og einnig hefðu verið tengdar fáeinar PBX tengingar og innvöl yfir ISDN línur.

Það væru nokkur atriði í viðaukum viðmiðunartilboðsins sem Símann teldi rétt að uppfæra, fyrst of fremst til nánari útskýringar fyrir kaupendur á þjónustunni. Í því skyni legði Símann til nánar tilgreindar breytingar á viðaukum 1a og 3a. Samþykkti PFS breytingarnar myndi Símann senda út tilkynningu þar að lútandi til markaðsaðila og tækju breytingar þá gildi 3 mánuðum síðar. Breytingarnar fælu nánar tiltekið í sér:

1. Grein 4.4.1 og 4.4.2 í viðauka 1a. Í grein 4.4.1 væri bætt við texta til frekari útskýringar á mánaðargjaldi fyrir aðgang að sírstöð (POTS/ISDN). Í grein 4.4.2 væru lagðar til breytingar sem ætlaðar væru til frekari skýringar. Númer gæti verið tengt yfir fleiri en eina heimtaug. Þetta gæti t.d. átt við um aðalnúmer PBX

tengingar eða innvöl á grunntengingu (fyrirtækjatengingar). Til nánari útskýringar fyrir kaupendur teldi Síminn rétt að taka fram að mánaðargjald tæki ávallt mið af fjölda heimtauga í hverju tilviki fyrir sig. Síminn þyrfti í öllum tilvikum að kaupa forða af Mílu út frá fjölda heimtauga.

2. Grein 4.6 í viðauka 1a. Gerð væri breyting á einingaverði á tveimur liðum sem láðst hefði að uppfæra við síðustu verðskrárbreytingu, þ.e. geymsla á síma og númeraskipti, bæði til hækkunar og lækkunar.
3. Grein 4.6 í viðauka 1a. Síminn teldi rétt að árétta að fjarskiptafyrirtæki sem óskaði eftir númeraflutningi yfir á kerfi Símans til að setja númer í FFER, þyrfti að greiða númerflutningsgjald skv. gjaldskrá viðmiðunartilboðsins. Í grein 4.6 væru lagðar til breytingar á texta varðandi nýtengingu. Einnig væri lagt til að verð fyrir „Geymslu á síma (allt að 24 mán.)“ færi úr 881 kr. í 991 kr. og að verð fyrir „Númeraskipti“ færi úr 4.047 kr. í 991 kr.
4. Grein 5. Í grein 5 væri gerð breyting á texta í skýringu við liðinn „Númeraflutningur á stökum símanúmerum“.
5. Grein 2.4.4 í viðauka 3a. Síminn teldi rétt að gera minniháttar breytingar á viðauka 3a til að skýra að ekki væri mögulegt að bjóða upp á sömu sérþjónustur fyrir PBX og innvöl og gildi fyrir stök númer í FFER. Í grein 2.4.4 væri sett inn skýring við liðina „Þriggja manna tal“ og „CAW 1 – símtal bíður“.

1.4 Innanlandssamráð og samráð við Eftirlitsstofnun EFTA

Á tímabilinu 4. mars til 18. mars 2013 efndi PFS til innanlandssamráðs við markaðsaðila um hinar fyrirhuguðu breytingar Símans á viðmiðunartilboði félagsins um samtengingu talsímaneta. Með bréfi, dags. 18. mars 2013, bárust athugasemdir frá Fjarskiptum hf. (Vodafone). Félagið gerði ekki athugasemdir við fyrirætlanir Símans.

Þann 27. júní sl. efndi PFS til samráðs við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) vegna hinnar fyrirhuguðu ákvörðunar. Álit ESA barst með bréfi, dags. 26. júní sl., þar sem stofnunin gerði engar athugasemdir við hina fyrirhuguðu ákvörðun PFS.

2. Niðurstaða PFS

Ekki er ágreiningur um þær breytingar sem Síminn leggur til á viðmiðunartilboði sínu um samtengingu talsímaneta og um er getið í kafla 1.3 hér að framan. PFS hyggst því samþykkja þær.

Ákvörðunarorð

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir þær breytingar sem Síminn leggur til á viðmiðunartilboði félagsins um samtengingu talsímaneta og getið er um í kafla 1.3 hér að framan.

Breytingarnar á viðmiðunartilboðinu taka gildi þann 1. ágúst 2013 og skal Síminn uppfæra viðmiðunartilboðið í samræmi við framangreindar breytingar.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 30. júlí 2013

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar Þórðarson

Viðauki – Álit Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)